



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 12. febrúar 2026

SFS25030126

MINNISBLAÐ

Varðandi stuðning og samstarf við MemmmPlay, opna leikskólann

Á fundi skóla- og frístundaráðs 23. júní 2025 var svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins samþykkt:

Lagt er til að skóla- og frístundasviði verði falið að skoða kosti þess og galla að það svið taki yfir allt samstarf við MemmmPlay, sem starfrækir opna leikskólann, í stað þess að samstarfið velti á ákvörðunum velferðarráðs/velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Hér er upplýst um niðurstöður þessarar skoðunar. Á fundi framkvæmdastjórnar skóla- og frístundasviðs 15. október 2025 var farið yfir kosti og galla verkefnisins MemmmPlay og hvort að verkefnið ætti betur heima á skóla- og frístundasviði eða velferðarsviði.

MemmmPlay er góð viðbót við þjónustu við foreldra yngstu barna samfélagsins og hefur ýmsa kosti eins og að koma til móts við fjölbreyttar fjölskyldur og að aðgangur er öllum opin og gjaldfrjál. MemmmPlay eflir samveru og tengsl og kannanir sýna að þátttakendur eru mjög jákvæðir gagnvart starfsemiinni. Starfsemi MemmmPlay getur komið í veg fyrir félagslega einangrun foreldra yngstu barnanna og barnanna sjálfra. Auk þess styður verkefnið vel við fjölskyldur með erlendan bakgrunn til að aðlagast íslensku samfélagi og málumhverfi.

Mikilvægt er að tryggja fjárveitingar til verkefnisins til lengri tíma til að tryggja stöðugleika svo að verkefnið geti þróast áfram. Ekki er gert ráð fyrir neinu fjármagni í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs til almennra styrkja eða verkefna á borð við Memmm Play. Auk þess er MemmmPlay, opni leikskólinn, ekki leikskóli í skilningi laga um leikskóla.

Ákveðið var að ræða við velferðarsvið sem hafði áður samið við MemmmPlay varðandi áframhaldandi samninga.

Á fundi velferðarráðs 21. janúar 2026 var samþykkt að gera þjónustusamning við MemmmPlay til þriggja ára 2026-2028 og styrkfjárhæðin 10.000.000 kr. á ári. Á fundi borgarráðs 29. janúar 2026 var sú ákvörðun staðfest.

Niðurstaðan er því að stuðningur við MemmmPlay verði áfram á hendi velferðarsviðs.